

Virðisaukaskattur - Þjónusta fyrir sveitarfélög og opinbera aðila

Virðisaukaskattur snertir mörg svið í rekstri sveitarfélaga og opinberra aðila. Skatta- og lögfræðisvið Deloitte hefur víðtæka þekkingu og reynslu af virðisaukaskattsmálum sem tengjast sveitarfélögum og opinberum aðilum.

Sem dæmi um svið í rekstri sveitarfélaga og opinberra aðila sem virðisaukaskattur snertir má nefna:

- Virðisaukaskatt af fasteignum, rekstri þeirra, viðhaldi og útleigu (sbr. t.d. nýlegar breytingar á lögum um virðisaukaskatt sem heimila sveitarfélögum endurgreiðslu á virðisaukaskatti af endurbótum og viðhaldi á húsnæði).
- Virðisaukaskatt í starfsemi mótuneyta ríkis, sveitarfélaga og stofnana þeirra.
- Sölu sveitarfélaga og opinberra aðila á skattskyldri vöru og þjónustu.
- Endurgreiðslur til opinberra aðila vegna kaupa á tiltekinni þjónustu, s.s. sorphreinsun, ræstingu, snjómokstri, svo og þjónustu sérfræðinga eins og verkfræðinga, lögfræðinga og endurskoðenda.
- Virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila til eigin nota sem rekin er í samkeppni við atvinnufyrirtæki.

Skatta- og lögfræðisvið

Starfsmenn skatta- og lögfræðisviðs Deloitte hafa víðtæka reynslu af öllum þeim sviðum virðisaukaskatts sem snerta rekstur sveitarfélaga og opinberra aðila og áralanga reynslu af samskiptum við skattyfirvöld.

Það er afar mikilvægt að sveitarfélög og opinberir aðilar gaumgæfi virðisaukaskattsmál sín reglulega því örar breytingar hafa orðið að undanförunu á virðisaukaskattslögum og þeim fjöldamörgu reglugerðum sem fjalla um virðisaukaskatt.

Starfsmenn skatta- og lögfræðisviðs Deloitte bjóða fram krafta sína og sérþekkingu til að tryggja rétta meðhöndlun virðisaukaskatts og réttar endurgreiðslur.



Deloitte

Virðisaukaskattur - Þjónusta fyrir sveitarfélög og opinbera aðila

Úttektir á virðisaukaskatti

Skatta- og lögfræðisvið Deloitte býður upp á þjónustu við úttektir á virðisaukaskattsmálum sveitarfélaga og opinberra aðila.

Markmið slíkra úttekta er að tryggja að skil á virðisaukaskatti séu í samræmi við lög en jafnframt að sveitarfélög og opinberir aðilar njóti allra þeirra réttinda sem þeim eru tryggð í lögum og reglugerðum um virðisaukaskatt.

Í úttekt á virðisaukaskattsmálum væri unnt að kanna stöðuna á virðisaukaskattsmálum í heild eða taka afmarkaða þætti til nákvæmari skoðunar.

Þá væri einnig unnt að veita starfsmönnum hagnýta aðstoð í virðisaukaskattsmálum, t.d. við að móta verkferla, gera skil á virðisaukaskatti, sækja um endurgreiðslur og svara þeim álitamálum sem upp koma í úttektinni.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts

Að fenginni reynslu starfsmanna skatta- og lögfræðisviðs Deloitte er úrbóta oft þörf við meðferð virðisaukaskatts af fasteignum, starfsmannamötuneytum og eigin þjónustu sveitarfélaga. Mikilvægt er að sveitarfélög og opinberir aðilar uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögum en fái jafnframt réttar endurgreiðslur á virðisaukaskatti.

Skatta- og lögfræðisvið Deloitte er reiðubúið að veita trausta og hagnýta ráðgjöf með hag sveitarfélaga og opinberra aðila að leiðarljósi.

Frekari upplýsingar

Vinsamlega hafið samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum:

Vala Valtýsdóttir

Yfirmaður skatta- og lögfræðisviðs

Sími: 580 3036

vala.valtyisdottir@deloitte.is



Hjördís B. Gunnarsdóttir

Skatta- og lögfræðisvið

Sími: 580 3114

hjordis.gunnarsdottir@deloitte.is



Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu, a Swiss Verein, its member firms, and their respective subsidiaries and affiliates. Deloitte Touche Tohmatsu is an organization of member firms around the world devoted to excellence in providing professional services and advice, focused on client service through a global strategy executed locally in nearly 140 countries. With access to the deep intellectual capital of approximately 165,000 people worldwide, Deloitte delivers services in four professional areas - audit, tax, consulting, and financial advisory services - and serves more than 80 percent of the world's largest companies, as well as large national enterprises, public institutions, locally important clients, and successful, fast-growing global growth companies. Services are not provided by the Deloitte Touche Tohmatsu Verein, and, for regulatory and other reasons, certain member firms do not provide services in all four professional areas.